

# Borgarfjarðarbrúin

## Stýrihópur

### Menntaskóla Borgarfjarðar 2. mars 2010

Mættir voru: Sigurjón Mýrdal og Guðni Olgeirsson fyrir hönd Menntamálaráðuneytisins, Ársæll Guðmundsson. MB, formaður stýrihóps, Ásthildur Magnúsdóttir fulltrúi Borgarbyggðar, Lilja S. Ólafsdóttir, MB og Gunnhildur Harðardóttir verkefnisstjóri.

Dagskrá:

1. Framvinda verkefnisins
2. Framtíð verkefnisins
3. Fjármal
4. Önnur mál

Ársæll setti fund og bauð fundargesti velkomna.

Borgarbyggð hefur skipað Ásthildi Magnúsdóttir, fræðslustjóra, fulltrúa í stað Þórunnar Maríu Óðinsdóttur, fulltrúa Borgarbyggðar, sem lét af störfum 2008

#### 1. Framvinda verkefnisins

Rifjuð var upp saga verkefnisins frá upphafi og til dagsins í dag. Þar kom m.a. fram að frumkvæði verkefnisins hafi komið frá Sveitarfélaginu Borgarbyggð og grunnskólunum á vordögum 2006. Farið var yfir þá vinnu sem nú er í gangi s.s. námsmatsvinnu, vinnu faghópa og fyrirhugaða vinnu við innra mati þar sem unnið verður eftir skoska matskerfinu „How good is our school“. Verkefnið Borgarfjarðarbrúin hefur styrkt skólana í Borgarbyggð í heild. Það hefur leitt af sér marga jákvæða hluti og dregið fram veika þætti í skólastarfinu, sem er í raun jákvætt. Það sem erfiðast hefur gengið er að framfylgja ákvörðunum bakhóps inni í skólunum.

#### 2. Framtíð verkefnisins og nemenda á Brúnni

Fram hefur komið að allir skólastjórnarnir í Borgarbyggð eru jákvæðir til áframhaldandi samstarfs. Pólitískar væringar í Borgarbyggð hafa litað verkefnið í vetur þar sem óvissa í skólamálaum hefur haft áhrif á vinnu kennaranna. Grunnskólanemendur á Brúnni eru nú 7 og halda þeir áfram til vors. Nemendur hafa verið mjög jákvæðir gagnvart verkefninu og hefur það verið hvatning grunnskólanemenda til náms. Sú aðgerð ríkisvaldsins um að fella niður þennan möguleika hefur ekki mælst vel fyrir og virkað sem bakslag fyrir nemendur í eldri bekkjum grunnskólanna. Sent hefur verið inn erindi til ráðuneytisins um að sú ákvörðun standi að nemendur geti verið á báðum skólastigum áfram í tengslum við þróunarverkefni skólanna í Borgarbyggð. Beðið er eftir svari.

Menntamálaráðuneytið er með mjög jákvætt viðhorf til verkefnisins og nefnir það oft í ræðum og riti sem dæmi um gott þróunarstarf.

### 3. Fjármál

Fjármál verkefnisins voru færð frá Borgarbyggð árið 2008 til MB til að auka yfirsýn stýrihóps yfir fjármálum þess og skilvirkni í upplýsingagjöf.

Lagðir voru fram ársreikningar verkefnisins og færslur. Verkefnið stendur vel og með styrk Sprotasjóðs gengur verkefnið til áramóta 2010 -2011. Fræðslustjóri sagði frá því að Borgarbyggð hafi samþykkt að setja kr. 1.000.000.- í verkefnið á árinu 2010.

### 4. Önnur mál

- Beðið hefur verið um úttekt á verkefninu en formlegt svar ekki borist. Fram kom á fundinum að ráðuneytið væri farið að undirbúa úttektina og líklega yrði hún framkvæmd þegar nær dregur páskum. Þar yrði m.a. lagt til grundvallar við greiningu þau gögn sem til eru s.s. kannanir og skýrslur. Einnig yrðu tekin viðtöl.
- Þátttaka ráðuneytisins í verkefninu miðaðist aðallega við að fá niðurstöður úr vinnu við námskrár.
- Unnið er að nýjum lögum í ráðuneytinu þar sem viðmið fyrir grunnskólana í námsmati við lok grunnskóla verði skilgreind – til inntöku í framhaldsskólunum
- Umræður um verkefnið í heild og hvernig það nýtist við gerð þeirra breytinga sem eiga sem stað. Rætt um að ráðuneytisfólk myndi fá upplýsingar um gang mála í verkefninu varðandi námsmat.
- Rætt um að samkomulag um þróunarverkefnið í upphafi sé ígildi samnings sem allir aðilar þurfa að standa við.
- Rætt um að tími ákvörðunar um framhald Borgarfjarðarbrúarinnar og samstarfsins sé í vor. Allir aðilar hafa áhuga á áframhaldandi samstarfi en nauðsynlegt að skoða með breyttar áherslur og nálgun.